



Þinggerð 17. ársþings Héraðssambands Þingeyinga

haldið í Hlyn, sal félags eldri borgara á Húsavík, 13. mars 2025



Dagskrá

1. Þingið sett
2. Starfsmenn þingsins kosnir
 - a. Forsetar
 - b. Ritarar
3. Kjörbréfanefnd kosin
4. Skýrsla stjórnar og reikningar sambandsins kynntir
5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
6. Álit kjörbréfanefndar
7. Reikningar bornir undir atkvæði
8. Ávörp gesta
9. Mál lögð fyrir þingið
10. Skipan í starfsnefndir – nefndarstörf
 - a. Allsherjarnefnd
 - b. Íþróttanefnd
 - c. Fjárhagsnefnd
 - d. Laganefnd
11. Afgreiðsla mála
12. Kosningar
 - a. Formaður
 - b. Aðalmenn í stjórn
 - c. Varamenn í stjórn
 - d. Skoðunarmenn reikninga
 - e. Fulltrúi á íþróttaping ÍSí
13. Önnur mál
14. Þingslit



Þinggerð

1. Þingsetning (kl. 17:10)

Jón Sverrir Sigtryggsson, formaður HSP, setti þing og bauð fólk velkomið.

2. Starfsmenn þingsins kosnir

Formaður gerði tillögu um Hjálmar Boga Hafliðason sem þingforseta. Það var samþykkt með lófaklappi. Þingforseti tók við stjórn fundarinnar og lagði til að ritari þings yrði Lilja Friðriksdóttir sem einnig var samþykkt samhljóða.

Þingforseti hóf störf þingsins með því að fara yfir dagskrá þingsins og skipa í kjörbréfanefnd.

3. Kjörbréfanefnd

Þingforseti gerði tillögu um Gunnhildi Hinriksdóttur og Jón Sverri Sigtryggsson í nefndina. Það var samþykkt samhljóða og tók kjörbréfanefnd strax til starfa. Reyndar var kjörbréfanefnd þá þegar langt komin með að fara yfir kjörbréfin og fulltrúafjölda félaganna.

4. Skýrsla stjórnar og ársreikningar 2024 (kl. 17:15)

Jón Sverrir, formaður HSP, flutti skýrslu stjórnar. Þar fór hann yfir helstu störf stjórnar og framkvæmdastjóra sl. starfsár. Skýrsluna er að finna í ársskýrslu HSP 2024 á heimasíðu sambandsins <https://hsth.is/arsting/>

Reikningar sambandsins

Framkvæmdastjóri HSP fór yfir reikninga sambandsins. Helstu tölur voru að rekstrartekjur námu kr. 17.738.733 sem er tæpum 4,7 milljónum kr. lægri tekur heldur en 2025 en þó rúmum 5 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Rekstargjöld voru 18.172.444 kr. og var tap af rekstrinum upp á 433.711 kr án fjármagnsliða. Vaxtatekjur voru hins vegar yfir 1,4 milljónir og var hagnaður sambandsins með fjármagnsliðum kr. 988.589. Áætlunin gerði ráð fyrir nær 3,5 m.kr. tapi. Lottó til félaganna var ríflega 9 milljónir sem er hátt í 3 m.kr. minna en árinu áður en þó herra en hefði verið þar sem ný lottóreglugerð ÍSÍ og UMFÍ tók ekki gildi fyrr en um mitt árið. Reikningana og skýringar við þá má finna í ársskýrslu HSP 2024 á heimasíðu sambandsins <https://hsth.is/arsting/>.

5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Þingforseti hvatti fólk til að taka til máls. Ein ábending kom úr sal um að ranglega hafi verið farið með aldur HSP í skýrslu stjórnar, félagið gert 10 árum eldra en það er. Þetta mun verða lagfært í vefútgáfu ársskýrslunnar. Aðrar umræður eða ábendingar komu ekki um skýrslu stjórnar og reikninga.

6. Álit kjörbréfanefndar

Formaður kjörbréfanefndar Jón Sverrir steig í pontu það þingfulltrúa hvers aðildarfélags að rísa á fætur til þess að staðfesta fjölda m.v. kjörbréf. Mættir voru 47 þingfulltrúar frá 17 félögum.

Eftirfarandi fulltrúar voru mættir:

Hestamannafélagið Feykir (1/1): Berglind Ýr Ingvarsdóttir

Hestamannafélagið Grani (3/3): Bjarki Helgason, Jón Ólafur Sigfússon, Jón Borgar Þorgrímsson

Hestamannafélagið Snæfaxi (2/2): Jóhannes Sigfússon, Steinunn Anna Halldórsdóttir

Hestamannafélagið Þjálfí (1/3): Jón Sverrir Sigtryggsson

Golfklúbbur Húsavíkur (3/3): Birna Ásgeirsdóttir, Hilmar Þór Guðmundsson, Hulda Þórey Garðarsdóttir

Golfklúbburinn Gljúfri (1/1): Haukur Marinósson



Íþróttafélagið Völsungur (9/9): Jónas H. Friðriksson, Gunnólfur Sveinsson, Aron F.

Skarphéðinsson, Sigurður V. Olgeirsson, Lilja Friðriksdóttir, Lúðvík Kristinsson, Guðrún Eiríksdóttir, Kristján Gunnólfsson, Elísabet Anna Helgadóttir

Íþróttafélagið Magni (4/4): Gísli Gunnar Oddgeirsson, Gunnar Guðmundsson, Björn Andri Ingólfsson, Stefán Haukur Gunnarsson

Íþróttafélagið Þingeyingur (2/2): Brynjar Þór Vigfússon, Jónas Þór Viðarsson

Mývetningur íþrótt- og ungmennafélag (4/4): Jóhanna Jóhannesdóttir, Eydís Kristjánsdóttir, Aðalbjörg Birgisdóttir, Valerija Kiskurno

Ungmennafélagið Bjarmi (3/3): Úlla Árdal, Sigríður Árdal, Karl Magnússon

Ungmennafélagið Efling (3/3): Gunnhildur Hinriksdóttir, Valgerður Jósefsdóttir, Bergþóra Kristjánsdóttir

Ungmennafélagið Einingin (1/1): Jónas Sigurðarson

Ungmennafélag Langnesinga (5/5): Hulda Kristín Baldursdóttir, Sigríður Harpa Jóhannesdóttir, Bergþóra Th. Þórarinsdóttir, Sigurbjörn V. Friðgeirsson, Dagbjört Aradóttir

Skotfélag Húsavíkur (2/2): Hallur Þór Hallgrímsson, Jakob Róbertsson

Skotíþróttafélag Norðurlands (1/1): Kristján R. Arnarson

Skákfélagið Goðinn (2/2): Smári Sigurðsson, Kristján Ingi Smáráson (OF UNGUR, EKKI LÖGRÁÐA!)

Eftirfarandi félög sendu ekki fulltrúa:

Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar

Golfklúbbur Mývatnssveitar

Golfklúbburinn Lundur

Ungmennafélagið Austri

7. Reikningar bornir undir atkvæði

Ársreikningur 2024 borinn upp til samþykktar og var samþykktur samhljóða.

8. Ávörp gesta (kl. 17:40)

Haukur Valtýsson fulltrúi UMFÍ tekur til máls. Haukur flytur HSP bestu kveðjur frá stjórn og starfsmönnum UMFÍ. Hann fer yfir störf ungmennahreyfingarinnar og segir frá því að yfir 300.000 félagar séu nú innan ungmennahreyfingarinnar, aðeins vanti eitt íþróttahérað inn undir hatt UMFÍ en líklegt er að ÍBV gangi inn á árinu. Hreyfingin sé öflug og geti haft mikil áhrif. Hann segir frá því að átta svæðiskrifstofur hafi verið settar á lagginn og að mörg verkefni sem hefur verið deilt um á síðastliðnum árum verið leyst með tilkomu svæðisskrifstofanna. Hlutverk þeirra sé fyrst og fremst að þjónusta íþróttahreyfinguna á sínu svæði og takast á við ýmis verkefni. Fjármagn við rekstur svæðisskrifstofanna kemur m.a. frá lottótekjum og barna- og menntamálaráðherra.

Fleira sem Haukur nefndi í ávarpi sínu var nauðsyn þess að hreyfingin væri samstíga, að félög sýndu frumkvæði í að ræða fullan aðskilnað á fjárhagstekjum innan félaga t.d. á milli barna- og unglingastarfs og meistaraflokka, ferðakostnað íþróttafélaga og erlend veðmálsfyrirtæki.

Ávarp sitt endaði Haukur á að tala fyrir því að hreyfingin taki forystu í því að efla lýðheilsu í landinu og mikilvægi þess að leggja sig fram um að hafa áhrif á lífstíl fólks. Að lokum minnti hann á Unglingalandsmótið sem fer fram á Egilsstöðum næsta sumar og Landsmót 50+ sem fer fram í Fjallabyggð.

Viðar Sigurjónsson, fulltrúi ÍSÍ, ávarpar þingið. Hann hrósar þingforseta fyrir röggsemi á þinginu og flytur kveðjur frá forseta, framkvæmdastjóra og starfsfólki ÍSÍ. Hann segir frá því að áherslur síðasta árs hafi að stórum hluta snúist um svæðiskrifstofurnar sem nú eru komnar á laggirnar. Hingað til hafa skrifstofurnar skoðað umhvefið sem þær tilheyra, aðstöðumál og fleira og þær upplýsingar verði hægt að vinna mikið með til að gera gott íþróttastarf enn betra. Hann segir að vissulega sé af ýmsu



að taka, verkefni séu mörg en mikilvægt sé að forgangsraða, aðalaga sig að breyttu samfélagi og eiga meira samstarf svo mögulegt sé að þjóna og mæta öllum iðkendum íþróttá á Íslandi. Viðar nefnir afreksíþróttamálin og sagði frá því að tekist hefði að fá meiri peninga inn í málaflokkinn á síðasta ári. Hann vonast til að fjármagnið sem er að koma inn í málaflokkinn muni nýtast vel og að undirbúningur fyrir afreksstöð Íslands sé hafinn. Fleira sem Viðar snerti á var ferðasjóður ÍSí en framlag í sjóðinn hefur ekki haldist í takt við umsóknir sem eru sífellt fleiri. Hann minnir á önnur verkefni ÍSí s.s. þjálfaramenntun og fyrirmyndarfélög og -héruð.

Þóra Pétursdóttir fulltrúi á svæðisskrifstofu UMFÍ á Akureyri ávarpar þingið og kynnir sig. Hún segir frá því að starfsmenn á svæðisskrifstofu séu ennþá að vinna á skoðunarstigi, að kynna sér félögin og starfsemi þeirra og að vinna við einstök verkefni sé ekki komin langt. Hún segir frá því að hægt sé að hafa samband við skrifstofuna og hvetur fólk til þess.

9. Mál lögð fyrir þingið (kl. 18:00) – 10. nefndarstörf – 11. Afgreiðsla mála

Þingforseti fór yfir tillögu um hvernig mál yrðu lögð fyrir þingið og afgreiðslu þeirra. Í stað þess að skipa í nefndir skv. dagskrá myndi þingið starfa í einni nefnd, eitt þingskjal yrði lagt fyrir í einu og rætt og gengið frá kosningu um það áður en næsta mál yrði lagt fyrir. Enginn hreyfði mótbárum við þetta fyrirkomulag. Þingforseti bauð þá Jóni Sverri í pontu sem fór yfir þingskjal 1.

Þingskjal 1

Lagt fram af stjórn HSP

Þakkar- og hvatningartillögur

Ársþing HSP, haldið á Húsavík 13. mars 2025, færir Langanesbyggð, Norðurþingi, Þingeyjarsveit, Grýtubakkahrepp, Tjörneshrepp og Sparisjóði Suður-Þingeyinga bestu þakkar fyrir veittan stuðning og samstarf á árinu 2024. Stuðningur sveitarfélaga og fyrirtækja er nauðsynlegur til þess að viðhalda lögbundnu hlutverki héraðssambandsins.

Ársþing HSP, haldið á Húsavík 13. mars 2025, hvetur alla félaga, unga sem aldna, að fjölmenna á mót UMFÍ í sumar en þau eru Landsmót UMFÍ 50+ haldið í Fjallabyggð dagana 27. -29. júní 2025, og Unglingalandsmót UMFÍ sem fer fram á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina dagana 31. júlí – 3. ágúst 2025. Allar upplýsingar um mótin eru á heimasíðu UMFÍ www.umfi.is.

Þingforseti bauð fólk að koma í pontu og ræða þingskjal 1. Enginn hvað sér hljóðs. Þá bar þingforseti þingskjalið upp til atkvæða. Þingskjal 1 er samþykkt samhljóða.

Jón Sverrir kom í pontu og fór yfir þingskjal 2 og greinargerð með því.

Þingskjal 2

Lagt fram af stjórn HSP

Lagabreytingar

Ársþing HSP, haldið á Húsavík 13. mars 2025, samþykkir tillögur stjórnar HSP að breytingum á lögum HSP. Þingið staðfestir lög HSP með áorðnum breytingum í heild sinni.

Greinargerð: Skv. samþykktum síðasta ársþings eru lagðar fram lagabreytingartillögur sem miða að því að ársþing HSP sé haldið annað hvert ár og formannafundur á móti það ár sem ársþing er ekki haldið. Eftirfarandi tafla inniheldur breytingarnar þar sem rautt letur breytist eða fellur út en blátt letur kemur inn í staðinn eða til viðbótar. Skýringar með breytingunum eru eftirfarandi:

- Greinar 3, 5, 6, 9, 10, 15, 17, 20, 22 og 25 ásamt kaflaheiti II. kafla. Um er að ræða orðalagsbreytingar í þar sem orðinu „ársþing“ er skipt úr fyrir orðið „þing“ eða „þing HSP“ (í rétttri beygingarmynd).
- Greinar 4, 7 og 12. Efnislegar breytingar í samræmi við breytingar sem það felur í sér að halda þing annað hvert ár s.s. varðandi kjör stjórnar HSP o.fl.
- Greinar 11, 18, 19 og 21. Um er að ræða viðbætur eða innihaldsbreytingar. 11. grein bætt við um formannafund. 18. grein ósk félaga um að ganga úr HSP tekur gildi um leið og hún hefur verið staðfest.



19. grein breytt til samræmis við lagatexta ÍSÍ eftir ábendingar frá ÍSÍ. 21. grein viðbótartexti hafði fallið út við síðustu lagabreytingar og er settur inn aftur með breytingum.

Núverandi lög HSP er að finna á www.hsth.is/log-hsth/.

Lagabreytingar:

Grein	Var áður	Verður með breytingum
3. gr	HSP er stjórnad af: a) Ársþingi HSP b) Stjórn HSP Reikningsár er almanaksárið.	HSP er stjórnad af: a) Þingi HSP b) Stjórn HSP Reikningsár er almanaksárið.
II. kafli	II. Kafli. Um Ársþing	II. Kafli. Um Þing HSP
4. gr	Ársþing HSP fer með æðsta vald í málum sambandsins. Ársþing skal haldið fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Skal stjórnin boða til þess með minnst eins mánaðar fyrirvara. Tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum skulu hafa borist stjórn HSP eigi síðar en þremur vikum fyrir ársþing. Dagskrá, reikninga, fjárhagsáætlun, tillögur sem borist hafa ásamt tillögum sem stjórn hyggst leggja fyrir þingið skulu kynntar aðildarfélagunum með síðara þingboði í síðasta lagi viku fyrir ársþing. Boðun þings og framlagning gagna fyrir og á ársþingi má vera á rafrænu formi, verði því við komið.	Þing HSP fer með æðsta vald í málum sambandsins. Þing HSP skal haldið fyrir lok aprílmánaðar annað hvert ár. Skal stjórnin boða til þess með minnst eins mánaðar fyrirvara. Tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum skulu hafa borist stjórn HSP eigi síðar en þremur vikum fyrir þing. Dagskrá, reikninga, fjárhagsáætlun, tillögur sem borist hafa ásamt tillögum sem stjórn hyggst leggja fyrir þingið skulu kynntar aðildarfélagunum með síðara þingboði í síðasta lagi viku fyrir þing. Boðun þings og framlagning gagna fyrir og á þingi HSP má vera á rafrænu formi, verði því við komið.
5. gr	Hvert aðildarfélag á rétt á að senda að lágmarki 1 fulltrúa og að hámarki 9 fulltrúa á ársþing HSP. Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags miðast við fjölda lógráða félagsmanna (18 ára og eldri) eftir félagatali í starfsskýrslum síðastliðins starfsárs til ÍSÍ/UMFÍ og samkvæmt eftirfarandi töflu: [...] Þá eiga sérráð sambandsins rétt á að senda einn fulltrúa hvert og hafa þeir fulltrúar jafnan rétt og aðrir fulltrúar þingsins. Kjörgengi og kosningarétt til ársþings HSP hafa allir lógráða félagsmenn.	Hvert aðildarfélag á rétt á að senda að lágmarki 1 fulltrúa og að hámarki 9 fulltrúa á þing HSP. Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags miðast við fjölda lógráða félagsmanna (18 ára og eldri) eftir félagatali í starfsskýrslum síðastliðins starfsárs til ÍSÍ/UMFÍ og samkvæmt eftirfarandi töflu: [...] Þá eiga sérráð sambandsins rétt á að senda einn fulltrúa hvert og hafa þeir fulltrúar jafnan rétt og aðrir fulltrúar þingsins. Kjörgengi og kosningarétt til þings HSP hafa allir lógráða félagsmenn.
6. gr	Lögmætt er ársþing ef löglega er til þess boðað. Fulltrúar skulu leggja fram kjörbréf frá viðkomandi félagi/ráði. Eigi má fulltrúi á ársþingi fara með nema eitt atkvæði. Allir félagar innan UMFÍ og ÍSÍ hafa málfrælsi og tillögurétt á ársþingi, en kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt.	Lögmætt er þing HSP ef löglega er til þess boðað. Fulltrúar skulu leggja fram kjörbréf frá viðkomandi félagi/ráði. Eigi má fulltrúi á þingi fara með nema eitt atkvæði. Allir félagar innan UMFÍ og ÍSÍ hafa málfrælsi og tillögurétt á þingi HSP, en kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt.
7. gr	Ársþing tekur ákvarðanir um starfsemi sambandsins á komandi starfsári, úrskurðar reikninga sambandsins og afgreiðir fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Þingið kys 5 einstaklinga í stjórn sambandsins: Formaður skal kosinn árlega, en tveir meðstjórnendur annað hvert ár til tveggja ára. Einnig skal kjósa tvo varamenn til tveggja ára, einn annað hvert ár. Varamenn taka sæti í stjórn í sömu röð og þeir voru kosnir. Einnig skal kjósa 2 skoðunarmenn árlega og varamann þeirra. Stjórn sambandsins skiptir sjálf með sér verkum og kys sér varaformann, ritara og gjaldkera. Hver stjórnarmaður getur, að loknu kjörtímabili, skorast undan endurkosningu til jafn langs tíma. Þá skal þingið kjósa í allar aðrar trúnaðarstöður sambandsins sem kosið er í til eins árs í senn. Kosningar skulu bundnar við uppástungur, nema ársþing ákveði annað.	Þing HSP tekur ákvarðanir um starfsemi og stefnu sambandsins fram að næsta þingi a.m.k., úrskurðar reikninga sambandsins og afgreiðir fjárhagsáætlun yfirstandandi árs og næsta árs. Þingið kys 5 einstaklinga í stjórn sambandsins til tveggja ára í senn. Formaður skal kosinn sérstaklega og svo fjórir meðstjórnendur. Einnig skal kjósa tvo varamenn til tveggja ára sem og tvo skoðunarmenn og varamann þeirra. Stjórn sambandsins skiptir sjálf með sér verkum og kys sér varaformann, ritara og gjaldkera. Hver stjórnarmaður getur, að loknu kjörtímabili, skorast undan endurkosningu til jafn langs tíma. Þá skal þingið kjósa í allar aðrar trúnaðarstöður sambandsins sem kosið er í til tveggja ára í senn. Kosningar skulu bundnar við uppástungur, nema þingið ákveði annað.
9. gr	Stjórn HSP skal styðjast við eftirfarandi dagskrá á ársþingi: [...]	Stjórn HSP skal styðjast við eftirfarandi dagskrá á þingi HSP: [...]
10. gr	Aukapung skal halda, ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess, stjórn HSP eða eftir ákvörðun ársþings. Allur boðunar- og tilkynningarfrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörninn aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.	Aukapung skal halda, ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess, stjórn HSP eða eftir ákvörðun þingsins. Allur boðunar- og tilkynningarfrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörninn aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt þing.
11. gr	Stjórn HSP skipa formaður, fjórir aðalmenn og tveir varamenn kjörnir á ársþingi skv. 7. grein. Á fyrsta fundi sínum skal stjórn skipta með sér verkum, varaformaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi. Stjórn sambandsins annast framkvæmd allra sambandsmála eftir ákvörðunum ársþinga og ákvæðum laga þessara. Hún annast innheimtu sambandsgjalda, tekur á móti því fé sem sambandinu áskotnast, varðveitir það og ávaxtar. Á hverju ársþingi gerir stjórnin grein fyrir störfum sínum á liðu ári, leggur fram endurskoðaða reikninga um tekjur og gjöld sambandsins og tillögu til fjárhagsáætlunar. Stjórnin gefur skýrslu um hag og starfsemi sambandsins til UMFÍ og ÍSÍ samkvæmt lögum þeirra.	Stjórn HSP skipa formaður, fjórir aðalmenn og tveir varamenn kjörnir á þingi HSP skv. 7. grein. Á fyrsta fundi sínum skal stjórn skipta með sér verkum, varaformaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi. Stjórn sambandsins annast framkvæmd allra sambandsmála eftir ákvörðunum þinga HSP og ákvæðum laga þessara. Hún annast innheimtu sambandsgjalda, tekur á móti því fé sem sambandinu áskotnast, varðveitir það og ávaxtar. Á hverju þingi gerir stjórnin grein fyrir störfum sínum á síðastliðnum tveimur árum, leggur fram skoðaða reikninga um tekjur og gjöld sambandsins og tillögu til fjárhagsáætlunar yfirstandandi árs. Stjórnin gefur skýrslu um hag og starfsemi sambandsins til UMFÍ og ÍSÍ samkvæmt lögum þeirra. Formannafundur skal haldinn það árið sem þing er ekki haldið og gerir þá stjórnin grein fyrir störfum sínum frá síðasta þingi og kynnr ársreikninga sambandsins síðastliðið ár. Auk þess skal taka fyrir á formannafundi önnur mál sem stjórn HSP eða aðildarfélagin telja mikilvægt að ræða. Formannafundi er heimilt að álykta um málefni sem varða íþróttahreyfinguna. Formannafundur skal halda á fyrri hluta ársins og skal hann boðaður með að minnsta kosti viku fyrirvara. Formenn aðildarfélaga og starfsmenn/framkvæmdastjórnar eru boðaðir á formannafund, formenn geta sent fulltrúa stjórnar í sínum forföllum.
12. gr	Stjórn sambandsins skal halda stjórnarfund eins oft og þurfa þykir. Skal boða bæði stjórn og varastjórn. Einstaklingar í varastjórn hafa málfrælsi og tillögurétt á stjórnarfundum en ekki atkvæðisrétt, nema ef forföll verða í aðalstjórn og þá í þeirri röð sem þeir voru kosnir.	Stjórn sambandsins skal halda stjórnarfund eins oft og þurfa þykir. Skal boða bæði stjórn og varastjórn. Einstaklingar í varastjórn hafa málfrælsi og tillögurétt á stjórnarfundum en ekki atkvæðisrétt, nema ef forföll verða í aðalstjórn og þá í handahófskenndri röð sem ákvarðast með hlutkesti.
15. gr	Heimilt er að kjósa heiðursfélaga HSP og veita aðrar heiðursviðurkenningar. Stjórn sambandsins setur reglur þar um sem ársþing staðfestir.	Heimilt er að kjósa heiðursfélaga HSP og veita aðrar heiðursviðurkenningar. Stjórn sambandsins setur reglur þar um sem þing HSP staðfestir.
17. gr	Vilji félag ganga í sambandið, sendir það stjórn HSP skriflega inntökubeiðni og lætur fylgja afit af lögum félagsins, stofnfundargerð, stjórnskipan og félagatal. Auglýsa skal stofnfund hins nýja félags á sannanlegan hátt með a.m.k. viku fyrirvara. Inntaka félags verður að hljóta samþykki ársþings sambandsins, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaraðild til næsta ársþings. Innganga aðildarfélags er einnig háð samþykki ÍSÍ og/eða UMFÍ á lögum viðkomandi félags.	Vilji félag ganga í sambandið, sendir það stjórn HSP skriflega inntökubeiðni og lætur fylgja afit af lögum félagsins, stofnfundargerð, stjórnskipan og félagatal. Auglýsa skal stofnfund hins nýja félags á sannanlegan hátt með a.m.k. viku fyrirvara. Inntaka félags verður að hljóta samþykki þings sambandsins, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaraðild til næsta þings. Innganga aðildarfélags er einnig háð samþykki ÍSÍ og/eða UMFÍ á lögum viðkomandi félags.
18. gr	Vilji félag ganga úr sambandinu telst úrsögn því aðeins lögmæt að samþykkt hafi verið á löglegum aðalfundi viðkomandi félags, og miðist úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar HSP, sem síðan tilkynnir hana á ársþingi. Eigi getur félag sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fjárumunum sem það hefur lagt til sambandsins	Vilji félag ganga úr sambandinu telst úrsögn því aðeins lögmæt að samþykkt hafi verið á löglegum aðalfundi viðkomandi félags, og tekur úrsögnin gildi um leið og um hana hefur verið fjallað og hún samþykkt á stjórnarfund. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar HSP, sem síðan tilkynnir hana á þingi HSP. Eigi getur félag sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fjárumunum sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum

Stjórn sambandsins formaður, fjórir aðalmenn og tveir vararamenn kjörnir á **þingi HSP** skv. 7. grein. Á fyrsta fundi sínum skal stjórn skipta með sér verkum, varaformaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi.

Stjórn sambandsins annast framkvæmd allra sambandsmála eftir ákvörðunum **þinga HSP** og ákvæðum laga **Þinggerð 17. úrþingi HSP, 19. mars 2023** þessara. Hún annast innheimtu sambandsgjalda, tekur á móti því fé sem sambandinu áskotnast, varðveitir það og ávaxtar. Á hverju **þingi** gerir stjórnin grein fyrir störfum sínum á **síðastliðnum tveimur árum**, leggur fram **skoðaða** reikninga um tekjur og gjöld sambandsins og tillögu til fjárhagsáætlunar **yfirstandandi árs**. Stjórnin gefur skýrslu um hag og starfsemi sambandsins til UMFÍ og ÍSÍ samkvæmt lögum þeirra.



	eða nokkurs hluta af eignum þess. Ekki er skylt að taka úrsögn viðkomandi félags gilda nema félagið sé skuldlaust við sambandið.	þess. Ekki er skylt að taka úrsögn viðkomandi félags gilda nema félagið sé skuldlaust við sambandið.
19. gr	[...] Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma ber stjórn HSP, sé þess óskað, að aðstoða við boðun og framkvæmd aðalfundarins . Í því skyni skal HSP hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjöllum aðildarfélaga/séráðs sinna og ef ástæða þykir til getur stjórn HSP tilnefnt sérstakan skoðunarmann reikninga fyrir félagið og fyrirskipað ítarlega rannsókn á fjárreiðum viðkomandi aðildarfélags/séráðs. Stjórnir aðildarfélaga/séráðs geta krafist þess að bókhaldsgögn fari eingöngu um hendur löggilts endurskoðanda og skal kostnaður við það greiddur af aðildarfélaginu.	[...] Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma skal stjórn HSP, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans . Í því skyni skal HSP hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjöllum aðildarfélaga/séráðs sinna og ef ástæða þykir til getur stjórn HSP tilnefnt sérstakan skoðunarmann reikninga fyrir félagið og fyrirskipað ítarlega rannsókn á fjárreiðum viðkomandi aðildarfélags/séráðs. Stjórnir aðildarfélaga/séráðs geta krafist þess að bókhaldsgögn fari eingöngu um hendur löggilts endurskoðanda og skal kostnaður við það greiddur af aðildarfélaginu.
20. gr	[...] Skylt er hverju félagi að greiða til sambandsins árgjald fyrir hvern félagsmann, 18 ára og eldri, og ákveður ársþing upphæð þess hverju sinni. Gjaldtagi er 1. júní og skal miða við félagatal skv. starfsskýrslum til ÍSÍ/UMFÍ sama ár.	[...] Skylt er hverju félagi að greiða til sambandsins árgjald fyrir hvern félagsmann, 18 ára og eldri, og ákveður þing HSP upphæð þess hverju sinni. Gjaldtagi er 1. júní og skal miða við félagatal skv. starfsskýrslum til ÍSÍ/UMFÍ sama ár.
21. gr	Hvert það aðildarfélag sem ekki hefur haldið aðalfund, sent skýrslur og ársreikninga eða greitt árgjöld í samræmi við 19. og 20. grein, missir atkvæðisrétt sinn á næsta ársþingi HSP. Líði annað ár án þess að félag haldi aðalfund eða geri skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum skal ársþing HSP vikja félaginu úr sambandinu. Viki ársþing HSP félagi úr sambandinu er stjórn HSP skylt að tilkynna það til ÍSÍ og viðkomandi sérsambands/sérsambanda.	Hvert það aðildarfélag sem ekki hefur haldið aðalfund, sent skýrslur og ársreikninga eða greitt árgjöld í samræmi við 19. og 20. grein, missir atkvæðisrétt sinn á næsta þingi HSP. Líði annað ár án þess að félag haldi aðalfund eða geri skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum skal þing HSP vikja félaginu úr sambandinu. Þingi og stjórn HSP er heimilt, hafi aðildarfélag ekki farið að lögum og/eða fyriræmum frá HSP, að ákveða að vikja félaginu úr HSP að undangenginni skriflegri aðvörðun. Viki HSP félagi úr sambandinu er stjórn HSP skylt að tilkynna það til ÍSÍ og viðkomandi sérsambands/sérsambanda.
22. gr	[...] Þar sem tvö eða fleiri aðildarfélög hafa iðkun sömu íþróttagreinar á stefnuskrá sinni má HSP stofna séráð. Ársþing skilgreinir séráð og ákveður hvaða ráð skuli starfa milli þinga. Þó skal stjórn HSP einnig heimilt að skipa séráð ef ástæða er til. Aðildarfélög geta óskað eftir því við stjórn HSP að séráð sé skipað. HSP skal setja starfsreglur um séráð sem kynna þarf sérsambandi í viðkomandi íþróttagrein. Ársþing staðfestir starfsreglur séráða, en stjórn HSP getur sett starfsreglur séráða til bráðabirgða fram að næsta ársþingi .	Séráð er samband þeirra félaga og félagsdeilda innan HSP sem hafa iðkun sömu íþróttar á stefnuskrá sinni. Það fjallar um sérfræðileg málefni íþróttagreinar innan héraðsins. Um önnur mál er séráð háð HSP. Þar sem tvö eða fleiri aðildarfélög hafa iðkun sömu íþróttagreinar á stefnuskrá sinni má HSP stofna séráð. Þing HSP skilgreinir séráð og ákveður hvaða ráð skuli starfa milli þinga. Þó skal stjórn HSP einnig heimilt að skipa séráð ef ástæða er til. Aðildarfélög geta óskað eftir því við stjórn HSP að séráð sé skipað. HSP skal setja starfsreglur um séráð sem kynna þarf sérsambandi í viðkomandi íþróttagrein. Þing HSP staðfestir starfsreglur séráða, en stjórn HSP getur sett starfsreglur séráða til bráðabirgða fram að næsta þingi .
25. gr	Ákvörðun um slit sambandsins skal taka á löglega boðuðu ársþingi . Komi slík tillaga fram skal hún þegar tekin til umræðu og atkvæði um hana greidd. [...]	Ákvörðun um slit sambandsins skal taka á löglega boðuðu þingi . Komi slík tillaga fram skal hún þegar tekin til umræðu og atkvæði um hana greidd. [...]

Þingforseti bauð þingfulltrúum að ræða tillöguna. Fulltrúi Eflingar, Bergþóra Kristjánsdóttir, spyr um 11. greinina og hvort viku fyrirvari á fundarboðinu sé ekki of skammur. Gunnhildur kemur í pontu og ræðir um kjörbréfanefnd og hvort nokkur ástæða sé að hafa kjörbréfanefnd og hvort sé nóg að hafa það rafrænt. Spurning úr sal hvað kjörbréfanefnd gerir? Þingforseti svarar þessu. Fulltrúi Eflingar leggur fram breytingartillögu við 11. grein laganna að boðað verði til formannafundar með tveggja vikna fyrirvara. Þingforseti ber breytingartillöguna upp og er hún samþykkt samhljóða. Síðari hluti 11. greinar hljóðar þá svona eftir breytingar:

Formannafundur skal haldinn það árið sem þing er ekki haldið og gerir þá stjórnin grein fyrir störfum sínum frá síðasta þingi og kynnir ársreikninga sambandsins síðastliðið ár. Auk þess skal taka fyrir á formannafundi önnur mál sem stjórn HSP eða aðildarfélagin telja mikilvægt að ræða. Formannafundi er heimilt að álykta um málefni sem varða íþróttahreyfinguna. Formannafundur skal halda á fyrri hluta ársins og skal hann boðaður með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara. Formenn aðildarfélaga og starfsmenn/framkvæmdastjórnar eru boðaðir á formannafund, formenn geta sent fulltrúa stjórnar í sínum forföllum.

Gunnhildur leggur til orðalagsbreytingu við 18. grein .. **á stjórnarfundum HSP**.. Þingforseti ber breytingartillöguna upp og er hún samþykkt samhljóða. 18. grein hljóðar þá svona eftir breytingar:

Vilji félag ganga úr sambandinu telst úrsögn því aðeins lögmæt að samþykkt hafi verið á löglegum aðalfundi viðkomandi félags, og tekur úrsögnin gildi um leið og um hana hefur verið fjallað og hún samþykkt á stjórnarfundum HSP. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar HSP, sem síðan tilkynnir hana á þingi HSP. Eigi getur félag sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fjármunum sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Ekki er skylt að taka úrsögn viðkomandi félags gilda nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

Þingforseti lagði þá hverja grein til samþykktar fyrir sig. Allar greinar eru samþykktar samhljóða og greinar 11 og 18 með þeim breytingum sem lagar voru fyrir þingið. Þingskjal 2 með breytingum er loks samþykkt samhljóða.



Lögin eru að lokum borin upp til samþykktar með þeim breytingum sem bornar voru upp og eru þau samþykkt samhljóða.

Örlítil umræða skapaðist um það hvort þingforseti ætti að fá heimild þingsins til þess að kjósa samkvæmt nýsamþykktum lagabreytingum, þó svo að lögin ættu eftir að hljóta staðfestingu frá ÍSí og UMFÍ. Þingforseti áleit svo að slíkt væri óþarfi, að lögin væru gild þar sem þingið, æðsta valdið hefði samþykkt þau.

Jón Sverrir kom þá í pontu og flutti þingskjal 3.

Þingskjal 3

Lagt fram af stjórn HSP

Staðsetning næsta ársþings

Ársþing HSP, haldið á Húsavík 13. mars 2025, samþykkir að næsta þing HSP verði haldið af íþróttafélögunum við Öxarfjörð og á Sléttu, Umf. Austrá, Gk. Gljúfra, Hestamannaf. Feyki og Íf. Þingeyingi.

Þingforseti bauð fólki að ræða þingskjal 3. Enginn hvað sér hljóðs. Þingskjalið borið upp til atkvæða. Þingskjal 3 er samþykkt samhljóða.

Jón Sverrir kom í pontu og flutti þingskjal 4.

Þingskjal 4

Lagt fram af stjórn HSP

Uppfærð lottóreglugerð

Ársþing HSP, haldið á Húsavík 13. mars 2025, samþykkir uppfærða lottóreglugerð sambandsins. Skipting lottótekna milli félaganna, HSP og verkefna- og styrktarsjóðs er óbreytt en forsendur fyrir úthlutun eru skýrðar vegna krafa á félögin um skil sbr. lög HSP og breytinga á lögum HSP varðandi tíðni ársþinga.

Blátt letur – uppfærður texti. Rautt letur – texti fellur út. Svart letur – óbreytt frá fyrri reglugerð.

HSP fær úthlutað lottótekjum frá ÍSí og UMFÍ og deilir þeim meðal aðildarfélaganna skv. reglugerð þessari. Úthlutun byggir á tölulegum upplýsingum úr skilakerfi íþróttahreyfingarinnar. Til þess að félag hljóti úthlutun á lottóhagnaði þarf:

- i. Fulltrúi frá félaginu að mæta á þing HSP eða formannafund HSP eftir því sem við á.
- ii. Félagið að halda aðalfund og skila inn tilskyldum gögnum til HSP og ÍSí/UMFÍ skv. 19. og 20. greinum laga HSP.

Uppfylli félag ekki þessar forsendur fær félagið ekki úthlutað úr lottó. Félög geta þó sótt um frest til skrifstofu HSP til að skila gögnum og frestast þá lottógreiðslur til félagsins sömuleiðis. Hafi félag ekki skilað inn gögnum þann 1. júlí skv. lið ii. hér að ofan, deilist hlutur félagsins til annarra aðildarféлага skv. úthlutunarreglum í c)-lið hér fyrir neðan, nema félagið hafi samið um annað við stjórn HSP vegna óvenjulegra aðstæðna.

Lottótekjurnar skiptast þannig:

- a) 5% til verkefna- og styrktarsjóðs HSP
- b) 20% til HSP
- c) 75% til aðildarféлага HSP skv. eftirfarandi skiptingu:
 - 15% eftir mætingu á ársþing í hlutfalli við heildarfjölda mættra þingfulltrúa
 - 70% eftir iðkendatali 6-17 ára
 - 15% eftir fjölda félagsmanna, 18 ára og eldri

Forsendur fyrir úthlutun skv. c)-lið

- ~~1. Fulltrúi aðildarfélags mæti á ársþing HSP.~~
- ~~2. Félag skili skriflegri skýrslu til HSP, sem birtist í ársskýrslu HSP, þar sem starfi félagsins síðastliðið starfsár er lýst.~~
- ~~3. Félag skili starfskýrslu í félagakerfi ÍSí og UMFÍ fyrir 15. apríl ár hvert.~~



~~Uppfylli félag ekki þessar forsendur fær félagið ekki úthlutað úr lottó. Hluttur félagsins rennur þá til annarra aðildarféлага skv. úthlutunarreglum í c) lið. Hafi félag staðið undir forsendum 1 og 2 en ekki 3 er stjórn sambandsins heimilt að fresta lottógreiðslum til félagsins þar til félagið hefur staðið skil á starfsskýrslunni. Hafi félagið ekki enn skilað inn starfsskýrslum þann 1. desember skal hluttur þess renna í aðalsjóð HSP.~~

Þingforseti bauð fólki að ræða þingskjal 4. Bergþóra, fulltrúi Eflingar, spyr út í aldur á börnum í lið c, hvers vegna ekki sé miðað við yngri börn. Gunnhildur kemur í pontu og þakkar Bergþóru fyrir spurninguna en hefur ekki bein svör við spurningunni. Aðalbjörg Birgisdóttir, frá Mývetningi, spyr um það sama, um iðkendur yngri en 6 ára. Jón Sverrir leggur í framhaldinu til að aldrinum verði breytt í 0-17 ára. Þingforseti bendir á, eftir upplýsingum frá fulltrúa ÍSÍ að úthlutun á lottótækjum miðast bara við aldurinn 6-17 ára og því sé þetta að öllum líkindum svona. Gunnhildur tekur til máls og bendir á að við fáum úthlutað fyrir alla íbúa yngri en 18 ára.

Fulltrúar Mývetnings leggja fram breytingartillögu um að orðalagið í lið c verði breytt þannig að talað verði um iðkendur 17 ára og yngri í stað 6-17 ára.

Þingforseti ber breytingartillöguna upp og er hún samþykkt samhljóða. Liður c) hljómar því svona eftir breytingar:

- c) 75% til aðildarféлага HSP skv. eftirfarandi skiptingu:
 - 15% eftir mætingu á ársþing í hlutfalli við heildarfjölda mættra þingfulltrúa
 - 70% eftir iðkendatali 17 ára og yngri
 - 15% eftir fjölda félagsmanna, 18 ára og eldri

Þingskjal 4 er í framhaldinu lagt fram með breytingum og er einnig samþykkt samhljóða.

Jón Sverrir kemur í pontu og leggur fram þingskjal 5.

Þingskjal 5

Lagt fram af stjórn HSP

Fjárhagsáætlun 2025

Ársþing HSP, haldið á Húsavík 13. mars 2025, samþykkir framlagða fjárhagsáætlun ársins 2025.

Fjárhagsáætlun HSP 2025	<i>Áætlun</i>	REKSTUR	<i>Áætlun</i>	REKSTUR	REKSTUR	REKSTUR
Rekstrartekjur	2025	2024	2024	2023	2022	2021
Framlög og styrkir	16.305.000	17.603.733	12.460.000	20.869.725	19.729.540	19.349.136
Lottó ÍSÍ og UMFÍ	9.075.000	12.308.335	8.500.000	15.787.479	14.921.414	14.749.284
Getraunir 1x2	250.000	381.602	250.000	406.552	267.899	167.486
Rekstrarstyrkir frá sveitarfélögum	5.500.000	3.253.120	3.400.000	3.571.200	3.409.280	3.108.480
Styrkir ÍSÍ (útbreiðslustyrkir)	-	392.008	-	898.790	965.414	773.886
Styrkir v. ULM	250.000	92.189	200.000	-	-	40.000
Styrkir v. Æfum alla ævi	-	-	-	-	-	400.000
Aðrir styrkir	1.230.000	1.268.668	110.000	205.704	165.533	110.000
Aðrar tekjur	40.000	135.000	40.000	1.551.000	1.592.500	1.556.000
Skattar félaga	-	-	-	1.403.000	1.418.500	1.432.000
Leiga HSP tjaldi	40.000	135.000	40.000	180.000	170.000	120.000
Niðurfelld ógr. Tjaldaleiga frá 2019	-	-	-	-40.000	-	-
Vörusala (bún., bækur, pennar ofl)	-	-	-	8.000	4.000	4.000
Rekstrartekjur alls	16.345.000	17.738.733	12.500.000	22.420.725	21.322.040	20.905.136
Rekstrargjöld	2025	2024	2024	2023	2022	2021
Laun og launat. gjöld 50% frkv.	6.000.000	4.527.794	5.500.000	5.056.460	3.738.875	3.664.963
Styrkir til félaga	6.806.250	9.182.751	6.375.000	11.840.611	11.173.512	11.136.440
Lottó	6.806.250	9.182.751	6.375.000	11.840.611	11.173.512	11.136.440
Áhöld, tæki og búningar	50.000	35.459	50.000	1.975	-	-



HSP - kerra	50.000	35.459	50.000	1.975	-	-
Þátttaka í mótum	325.000	168.808	300.000	230.344	68.234	-
Þátttökukostn. ULM	225.000	96.120	200.000	128.160	52.000	-
Annar kostn.	100.000	72.688	100.000	102.184	16.234	-
Verðl., bikarar, annar mótakostn.	50.000	75.000	50.000	50.000	103.900	90.000
Húsaleiga / skrifstofa Laugar	142.000	135.644	135.000	128.139	50.360	120.000
Rekstur skrifstofu	1.725.000	1.123.655	1.670.000	1.720.393	1.551.939	1.088.395
Sími, ritföng, póstkostnaður	55.000	46.249	55.000	47.258	44.551	39.185
Þingkostnaður Ársþing HSP	650.000	651.353	755.000	793.901	755.591	552.384
Ferðakostnaður stjórnar	100.000	29.899	100.000	-	-	-
Ferðak. Fundir/Þing UMFÍ og ÍSÍ	400.000	121.189	200.000	431.549	104.910	75.908
Bókhald og endurskoðun	250.000	198.704	310.000	287.859	286.780	235.584
Auglýsingakostnaður	100.000	37.200	100.000	39.900	117.738	113.486
Annar skrifstofukostnaður	170.000	39.061	150.000	119.926	242.369	71.848
Kynning, fræðsla, útbreiðsla	1.833.750	2.890.313	1.715.908	1.378.940	1.239.095	1.948.398
Verkefna- og styrktarsjóður HSP	453.750	1.563.834	1.565.908	1.078.940	939.095	1.324.810
Styrkir Frjálsþr.ráð	150.000	150.000	150.000	300.000	300.000	300.000
Annar fræðslu- og útbreiðslukostn.	1.230.000	1.176.479	-	-	-	323.588
Önnur gjöld	150.000	33.020	150.000	29.252	88.557	14.243
Rekstrargjöld alls	17.082.000	18.172.444	15.945.908	20.436.114	18.014.472	18.062.439
Hagnaður / tap án fjármagnsliða	-737.000	-433.711	-3.445.908	1.984.611	3.307.568	2.842.697
Vaxtatekjur	750.000	1.422.300		1.140.910	370.725	33.444
Hagnaður / tap	13.000	988.589	-3.445.908	3.125.521	3.678.293	2.876.141

Jón Sverrir leggur strax til breytingartillögu, að 1.000.000 verði tekin af fjármagnstekjum síðasta árs og sett í verkefna- og styrktarsjóð og skila félaginu þá í upb milljón í mínus. Þingforseti bauð upp á umræður. Úlla Árdal frá Bjarma óskar eftir útskýringum á þessari tillögu. Jón Sverrir segir að verkefna- og styrktarsjóður sé mikilvægur til að geta úthlutað til félagsmanna. Hann leggur því til að þetta verði gert til að hægt sé að úthluta meiri peningum til þeirra sem sækja í verkefna- og styrktarsjóðinn. Þingforseti spyr þingið hvort það sé heimilt að leggja fram fjárhagsáætlun sem er með tapi? Viðar Sigurjónsson kemur upp og segir að þetta sé heimilt þegar staða félags er eins og staða HSP er, þ.e. að það megi ganga á eigið fé. Bergþóra frá Eflingu spyr út í sjóðinn, í hvað peningarnir úr sjóðnum eru að fara. Gunnhildur kemur upp og skýrir það, að afreksíþróttafólk geti t.d. sótt í sjóðinn og bendir á að blakkrakkar sem hafa verið að fara í landsliðsverkefni hafi fengið úthlutað. Þá er einnig hægt að sækja í sjóðinn fyrir þjálfaranámskeið, fræðsluerindi, aksturskostnað og fleira.

Gengið er til atkvæðagreiðslu og breytingartillaga Jóns er samþykkt samhljóða. Samkvæmt áætlun verður þá 1.453.750 kr. varið í verkefna- og styrktarsjóð. Þannig er tap sambandsins án fjármagnsliða áætlað 1.737.000 kr, en að teknu tilliti til áætlaðra vaxtatekna verður tap sambandsins 970.000 kr á árinu.

Þingforseti bar þá áætlunina upp í heild sinni. Fjárhagsáætlunin er samþykkt samhljóða.

(kl. 19:00) Að þessu loknu gerði þingforseti hlé á þingstörfum þar sem veita ætti viðurkenningar fyrir íþróttafólk ársins hjá HSP og að því loknu yrði þingfulltrúum, gestum og íþróttafólki boðið upp á kótilettur í raspi sem Völsungar sáu um að matreiða.



Kjör íþróttamanns HSP

Í kjöri til íþróttamanns HSP 2024 voru sjö einstaklingar. Voru þeim veittir eignar- og farandbikarar fyrir árangur sinn ásamt rós og peningastyrk frá Sparisjóði Suður-Þingeyinga og HSP. Íþróttamenn ársins 2024 voru eftirfarandi:

- Ádám F. Gulyás, Goðanum, hlaut viðurkenningu sem skákmaður HSP 2024
- Gylfi Sigurðsson, Skotfélagi Húsavíkur, hlaut viðurkenningu sem skotíþróttamaður HSP 2024
- Dagný Þóra Gylfadóttir, Völsungi, hlaut viðurkenningu sem bardagaíþróttamaður HSP 2024
- Heiðdís Edda Lúðvíksdóttir, Völsungi, hlaut viðurkenningu sem blakmaður HSP 2024
- Rut Guðnýjardóttir, Völsungi, hlaut viðurkenningu sem bocciamaður HSP 2024
- Marta Melek Annisius, Völsungi, hlaut viðurkenningu sem frjálsíþróttamaður HSP 2024
- Halla Bríet Kristjánsdóttir, Völsungi, hlaut viðurkenningu sem knattspyrnumaður HSP 2024

Íþróttamaður HSP 2024 var kjörin Halla Bríet Kristjánsdóttir. Jón Sverrir afhenti íþróttafólkinu viðurkenningar sínar og var gestum og þingfulltrúum boðið að fá sér kvöldmat. Að því loknu tók þingforseti aftur upp dagskrá sem eftir var.

12. Kosningar (kl. 19:55)

Fjórir af fimm aðalmönnum í stjórn, þar á meðal formaður HSP, gáfu kost á sér til næstu tveggja ára skv. nýsamþykktum lögum og annar af tveimur varamönnum. Var óskað eftir framboðum úr sal í bæði aðal- og varastjórn og kom sitt hvort framboðið í stjórn og varastjórn.

- a) Formaður. Jón Sverrir Sigtryggsson, sitjandi formaður, var kjörin til áframhaldandi setu.
- b) Fjórir aðalmenn í stjórn. Jónas Halldór Friðriksson, Sigfús Hilmar Jónsson, Sigurbjörn Veigar Friðgeirsson og Bergþóra Thorlacius Þórarinsdóttir voru kjörin til setu í stjórn til tveggja ára.
- c) Tveir varamenn í stjórn til tveggja ára. Dagbjört Aradóttir og Hulda Kristín Baldursdóttir voru kjörnar sem varamenn í stjórn.
- d) Skoðunarmenn reikninga. Gunnhildur Stefánsdóttir og Hrafnhildur Geirsdóttir voru endurkjörnar til tveggja ára. Til vara er Steinunn Ósk Stefánsdóttir.
- e) Fulltrúi á íþróttabing ÍSí. Samþykkt að vísa vali á fulltrúa til stjórnar.

13. Önnur mál (kl. 20:00)

Viðar Sigurjónsson, fulltrúi ÍSí, tekur til máls og þakkar fyrir gott og málefnalegt þing og segir allaf gott að koma á HSP þingið. Hann óskar nýrri stjórn til hamingju og hrósar þingforseta fyrir röggsama þingstjórn.

14. Þingslit (kl. 20:05)

Þingforseti þakkaði fyrir sig og gaf endurkjörnum formanni HSP aftur þingstjórn. Jón Sverrir þakkar þingfulltrúum fyrir þingið og góðar umræður. Hann þakkar Huldu Þóreyju, fráfarandi stjórnarmeðlimi fyrir góð störf og slítur að því loknu þinginu.